

Viðbótarspurning:

Með hvaða hætti hefur þú nýtt þér einstaklingsáætlun barnsins? Merktu við allt sem við á

Við uppeldi barnsins heima við: 47%

Til að auka samstarf við leikskólann: 43%

Hef ekki nýtt mér hana: 10%

Er eitthvað sem þér finnst að betur mætti fara varðandi einstaklingsáætlun barnsins?

- Dóra og company á Gullborg eru svo frábært að það er leitun að öðru eins. En eins og ég hef reynt að benda á í þessari könnun eru starfsmenn og stjórnendur svo drekkhlaðnir, yfirspenntir og hafa mikið að gera að smátt og smát mun fjara út þetta góða starf sem annars er unnið á Gullborg.
- Held það hafi verið of lengi talað undir rós um hvernig barnið var að aðlagast barnahópnum - hefði þurft mun markvissari aðlögun í byrjun. Nú fyrst er verið að taka á vandanum en ég upplifi að hugsanlega er það of seint. Barnið segir núna að það vilji bara leika eitt osfrv. (og auðvitað vill það ekki leika eitt - hún er bara að sýna varnarhætti sjálfins).
- Mjög vel unnið

Opnar spurningar í aðalkönnun:

Viltu nefna eitthvað sem þú ert sérstaklega ánægð(ur) með í leikskólanum?

- Að það skuli vera eldaður matur á staðnum.
- Agætis upplýsingamiðlun og starfsfólk, góður og fjölbreyttur matur og barnið er ánægð.
- Einstaklega gott starfsfólk sem leggur sig allt fram við að börnunum líði vel.
- Er sérstaklega ánægð með hversu vel þeir halda í starfsfólkið sitt.
- Ég er sérstaklega ánægð með starfsfólkið og skólustarfið í heild sinni. Flottur skóli í alla staði.
- Flottur leikskóli með góðu viðhorfi og flottu starfsfólki, sami deildarstjóri hefur fylgt barninu allan tímann sem veitir því öryggi og vellíðan. Í heildina flott og fjölbreytt starf.
- Frábært starf, sérstaklega með tilliti til sjálfsmyndar og í tengslum við Blátt áfram.
- Frábært starfsfólk og góður andi. Barninu líður vel.
- Frábært starfsfólk, flott og faglegt starf.
- Frábært starfsfólk.
- Gott starfsfólk.
- Góð samskipti milli foreldra og deildarstjóra og leikskólastjóra. Jákvætt viðmót starfsmanna. Gott faglegt starf.
- góð samskipti, upplýsingar og fleira sent í tölvupósti
- Góð stjórnun, ber traust til starfsmanna. Góður matur virðist vera.
- Góður andi, foreldrar alltaf velkomnir og afar góð samskipti við starfsfólk. Gott upplýsingaflæði. Leikskólastjóri til fyrirmyndar - greinilega styrk stjórnun og gott skipulag. Börnin ánægð.
- Karlkynsstarfsmenn á öllum deildum
Mjög faglegt starf
Mjög jákvætt viðhorf starfsfólks
- Karlkynsstarfsmenn á öllum deildum
Jákvætt viðmót starfsfólk
- Leikskólastjóri virkar öruggur. Starfsemin virkar fagleg. Börnin virka ánægð.
- Leikskólinn er í samstarfi við Blátt áfram, faglegt hópastarf, góð samvinna við foreldra, fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir börnin.
- Lítil starfsmannavelta sem skilar sér í ánægju starfsmanna sem auðvitað skilar sér til barnanna (svona eins og það kemur mér fyrir sjónir) allir kennarar og starfsmenn gefa sér ávallt tíma fyrir foreldrana, upplýsingaflæðið er frábært frá kennurum og leikskólastjóra. Þegar upp koma pestir, lús eða eitthvað annað hvítleitt þá eru foreldrar vel með á nótunum hvað sé í gangi. Annars er andinn á leikskólanum frábær og hef ekki rekist á neinn starfsmann sem ekki býður af sér góðan þokka.
- Mest ánægja með ákveðið starfsfólk, hversu mikið það leggur sig fram.

- Mér finnst starfsfólkið vera metnaðarfullt og ætíð tilbúið til að svara fyrirspurnum eða spjalla um hvernig gangi hjá barninu á leikskólanum. Einnig finnst mér skipulagið á starfinu vera gott og fjölbreytni í starfinu.
- Mikil fagmennska hjá kennurum. Mikil starfsgleði hjá þeim sem smitast til barna og foreldra.
- Mikil starfsgleði og fagmennska. Hlustað á óskir foreldra og mikil umhyggja fyrir barni. Mikil tengsl við systkini. Eldri systir fékk að 'hjálpa' til við aðlögun.
- Mjög fjölbreytt starf. Mikið gert með börnunum - alls konar verkefni og farið í vettvangsferðir.
- Mjög gott andrúmsloft, mikil jákvæðni, gott skipulag, góð upplýsingagjöf um líðan barnsins dags daglega.
- Mjög gott starfsfólk
- Mjög mikið gert fyrir þau. Kennt á hljóðfæri og fleira mjög þroskandi. Allt starfsfólkið svo hlýtt og þægilegt. Við fáum upplýsingar í tölvupósti hvað gert var í vikunni sem er alveg frábært.
- Mjög opin og þægileg samskipti og auðvelt að ná tali af leikskólakennurum og stjórn.
- Rannveig er algerlega stórkostlegur stjórnandi og Gullborg yndislegur leikskóli í alla staði. En sökum ömulregs fjárhags og hræðilega ílla skipulags stjórnkerfis eru tíðar mannabreytingar og erfiðleikarnir, streitan og vanlíðan hleðst upp á Gullborg.
- Rannveig leikskólastjóri er fyrirmyndar stjórnandi og leiðir starfsfólk sitt í jákvæðni og áhuga á starfinu. Starfsfólk virðist almennt vera ánæggt í starfi og þetta skilar sér til barnanna.
- Rannveigu Júníönnu
- Starfið í heild sinni. Hópastarf, skólahóp og almennt vinnuna með sjálfsmynd barnanna.
- Starfsfólk einstaklega elskulegt og sinnir starfi sínu vel. Skipulagt og uppbyggilegt starf í gangi.
- Starfsfólkið
- Starfsfólkið
- Starfsfólkið er yndislegt og sonur minn hefur náð miklum framförum og líður mjög vel í leikskólanum. Hann langar alltaf að fara. Starfsfólkið er opið og skemmtilegt og tekur fullt tillit til barna jafnt sem foreldra ef að eitthvað kemur uppá. Ég gæti ekki verið sáttari:-)
- Starfsfólkið, starfsáætlun leikskólans og vinna með sjálfsmynd.
- Upplýsingaflæði er til fyrirmyndar
- Velliðan barnanna skiptir öllu og hafa starfsmenn leikskólans sýnt það í verk
- Very helpful in getting my son the extra help he needs since he had hearing issues and is learning Icelandic and English
- Viðmót starfsmanna. Mottóið er: Allir glaðir í Gullborg. Og á það við starfsfólk, börn og foreldra.
- Yndislegt starfsfólk sem vinnur mjög gott starf.
- Þær upplýsingar sem við foreldrar fáum oft á viku frá starfsfólkinu bæði í gegnum tölvupóst og samtöl.

Viltu nefna eitthvað sem þú ert sérstaklega óánægð(ur) með í leikskólanum?

- Aðstaða er þröng en starfsfólk sýnir aðdáunarverða útsjónasemi í henni.
- Aðstaða fyrir elstu deildina, kölluð Regnbogadeild er ekki góð, of lítið rými, of mikill hávaði og barnið mitt í fyrsta skipti ekki ánæggt á leikskólanum. Að auki eru alltof mörg börn á deildinni.
- Allt of margir skipulagsdagar. Foreldrar skilja ekki af hverju það þarf að eyða einum fjórða úr sumarfrí til að vera heima með barninu útaf skipulagsdögum leikskólans. 6 dagar!

Ef þetta væri fyrirtæki sem ég ræki þá væru manneskjur í að skipuleggja starfið í samráði við leikskólastýrur í einhvern tíma. Svo kæmi að því að kynna starfið og nýtt skipulag fyrir öðru starfsfólki. Það tæki ekki meira en 1 dag að gera það. Gera þetta kannski tvisvar á ári.

Eins og ég segi. Maður skilur ekki af hverju það þarf 6 daga til að kynna skipulag fyrir starfsfólki.

Er með annað barn á einkareknum skóla. Þar voru fyrir stuttu 0 skipulagsdagar. Þau gerðu þetta bara á kvöldin. Smá yfirvinna. Núna breyttu þau þessu reyndar og hafa þetta einn dag. Tvisvar á ári.

af hverju geta einkareknir skólar þetta en ekki hinir?

kv

Einn sem ekki skilur :)

- Barnið þarf að fá að vera innadyra eftir veikindi lengur en einn dag. Það er að gerast aftur og aftur að barnið mitt veikist aftur vegna þess að það fær ekki að vera innandyra.
- Börnin tala mjög hátt í kringum matarborðið. Lús sem hverfur ekki, veit að það er foreldrum að kenna og leikskólinn hefur virkilega gert sitt besta til þess að upplýsa foreldra um þetta vandamál. Strangari reglur hér væri gott.

- Einhverra hluta vegna hefur barnið mitt ekki náð að aðlagast hópnum. Það kom eitt inn á nýja deild í haust og jafnframt var allt starfsfólkið nýtt - öll börnin voru því ný fyrir starfsfólkinu en barnið mitt var hins vegar eina nýja barnið á deildinni, þekkti engann, hvorki börnin, starfsfólkið né skólann sjálfann. Allt nýtt og framandi. Held það hafi aldrei fengið næga athygli og fyrir vikið upplifi ég að því líði ekki vel í leikskólanum. Held það hefði þurft að setja það markvissara inn í barnahópin - því ennþá er það ekki partur af krakkaheildinni. Stendur fyrir utan hópinn.
- Endurnýjun á leikskólalóðinni er löngu orðin tímabær. Það var bæði seint slegið grasið seinasta sumar og trén voru öll í lús.
- Ég tel að það þurfi að endurnýja útiaðstöðu barnanna (leikvöllinn), þar ætti að endurnýja leiktæki og skipulagið í heild sinni með öryggisatriði í huga, t.d. mjúkt undirlag, steyptir stígar (í staðinn fyrir hellur sem auðveldara er að detta um) og grasmottur á hóla, einnig mætti setja nýjar grasþekjur þar sem fótboltavöllur er þar sem það er oft eitt moldarsvað eftir rigninartíð.
- Ég veit þið eruð örrugglega að gera ykkar besta, en hvar eru verkfræðingarnir eiginlega? Þið verðið að taka ykkar eigið egó út úr jöfnunni og fá inn almennilegt fólk til að skipuleggja allt stjórnkerfið upp á nýtt (og það gengur ekki með stjórnmalafólk og viðskiptafræðinga, fáði verkfræðinga, forritara og eðlisfræðinga með ykkur líka).
- Horfa of mikið á myndbönd/myndir í leikskólanum.
- Húsn.pláss mætti vera meira bæði fyrir börn og kennara. Mikill hávaði á Regnbogadeild - tveir sambyggðir kofar með litlum fataklefa á milli. Börnin þurfa alltaf að fara í fataklefan ef fara þarf á salerni. Blautt og kalt!
- Leikskólalóðina hjá elstu deildinni - alveg til skammar fyrir Reykjavíkurborg finnst mér. Séu t.d. bornar saman leikskólalóðirnar (tvær) hjá Gullborg og nágrennaleikskólanum Grandaborg þá hallar nú ansi mikið á Gullborgar leiksvæðin. Einungis með því að setja malbikaða hjólastíga fyrir börnin og meira gras (í staðinn fyrir alla þessa möl) væri búið að gera mikið fyrir svæðið. Svo eru tækin orðin ansi þreytt og lúin og mætti bæta aðstöðuna fyrir yngstu börnin (líkt og er á Grandaborg).
- Leiksvæðið
- Mikið um lús.
- Mætti fara að endurnýja á lóðinni.
- Óánægð með leikskólalóðina. Þegar maður gengur um hverfið og sér vel heppnaðar leikskólalóðir eins og hjá nágrennaleikskólanum Grandaborg þá hreinlega sárnar manni að ekkert hafi verið gert fyrir þessa lóð í svo mörg ár. Mjög nýllega var reyndar sett ný fallmöl en ég hefði bara viljað sjá alla þessa möl í burtu og frekar að fá gras, malbikaða hjólastíga og svona mjúkt undirlag undir rólurnar. Síðan er lóðin sem elsta deildin er með enn verri!!!
- Plássleysi með meðfylgjandi hávaðamengun!
- That my 6 month old can't go to this school. It's a real shame younger babies have to go to dagmamas instead of going to the same nursery their siblings do
- Vantar þurrkaðstöðu fyrir blaut útiföt barnanna
- Vont að hann er ekki allur í einu húsnæði. Einnig er hrikaleg klóak lygt á lóðinni á Regnbogadeild.
- Þarf alltaf að hafa í huga að hávaði verði ekki of mikill. Gildir í öllum leikskólum (húsnæði og skipulag).
- Þröngir fataklefar. Opnunarfög við glugga eru hættuleg ungum börnum að mínu mati. Börnin komast auðveldlega að gluggum og geta meitt sig/aðra.

Viltu koma einhverju öðru á framfæri um stefnu og starfshætti leikskólans?

- Er ánægð hversu mikið foreldrar fá að taka þátt í skólastarfi barnanna.
- Ég er í foreldrafélagi Gullborgar og finnst ég hafa kynnst Gullborg á annan og skemmtilegan hátt. Mér finnst að allir foreldrar ættu að taka þátt á einhvern hátt í starfsemi leikskóla. Það ætti t.d að vera skilda að vinna hálfan dag eða einn dag á hverri önn í leikskóla og grunnskóla, ef menn treysta sér ekki að sitja í foreldrafélagi eða foreldraráði. Slíkt væri hægt ef íslenskt samfélag tæki upp að gera slíkt. Þetta mætti einnig gera við íþróttir barna sem og aðrar tómstundir. Allir myndu skilja þetta og við værum með betu upplýsta foreldra.
- Ég hef lítillga kynnt mér starfsáætlun og skólanámskrá og því erfitt að svara hvort markvisst sé unnið eftir námskránni.
- Farið með börnin út af leikskólalóðinni í hæfilegum hópum - spennandi og gaman. Mikil samvinna milli deilda.
- Frábært að lögð sé áhersla á að vinna með sjálfsvitund og sjálfstraust barnanna. Til fyrirmyndar að hafa samstarf við Blátt áfram og auka meðvitund um slík mál.
- Mjög ánægð með að það sé markvisst unnið með sjálfmynd barnanna. Það mun fylgja þeim út í lífið.
- Mjög ánægð með stefnu og starfshætti leikskólans
- Stöðug þróun í gangi og vilji til að taka á móti nýjum hugmyndum. Vilji til að gera sitt besta.

Viltu koma einhverju öðru á framfæri um samskipti og samstarf í leikskólanum?

- Allt starfsfólkið til fyrirmyndar
- Ef barn er tæpt til heilsunnar þá eru óskir foreldra um að halda því inni hunsað með þeim rökum að ef það verður veikt, þá verður það bara veikt....eða eitthvað álíka gáfulegt.
- Fagmenntun eða ekki. Ég vil bara að manneskjan hafi áhuga á barninu og sýni samúð og velvild. Þarf ekki að vera fagmenntaður.
- Hér ætti frekar heima það sem ég skrifaði á fyrri síðu, en sem sagt er mjög ánægð hversu mikið foreldrar fá að taka þátt í leik og starfi og það skilar sér greinilega vel því það er alltaf toppmæting hjá foreldrunum.
- Mikið upplýsingaflæði - vikulega tölvupóstar frá deildastjóra og mikið af myndum. Mjög reglulega póstur frá skólastjóra, jafnvel oft á dag, ef nauðsynlegt er. Vantar eftvill uppl. á ensku, þar sem töluvert er af erl. foreldrum.
- Mætti vera betri kynning á nýju starfsfólki
- Rannveig setur greinilega tóninn í andrúmsloftinu á leikskólanum og veit hvað skiptir máli. Frábær stjórnandi og virðist þetta skipta hana máli persónulega ekki bara sem vinna. Mjög ánægð með hana.
- Samskiptin eru alltaf á jákvæðum nótum og afar uppbyggileg.
- Til fyrirmyndar - stjórnunin á Gullborg!
- Það þarf fleiri starfsmenn með langa starfsreynslu. Hækkið launin hjá þessu fólki, aukið starfsmenn inn á deildum, gefið betri mat, hækkið leikskólagjöld, fjölgið smiðum sem geta gert við og dittað að leiktækjunum, hættið að væla, hætti að hugsa um alla þá sem munu væla yfir hærri greiðslum vegna leikskóla, þetta eru börnin okkar og við eigum að vera tilbúin að greiða mikið hærri gjöld, ef við fáum í staðin betri leikskóla.

Hef komið á framfæri hugmyndum um daglegt starf; annað:

- Hefur ekki fundist þörf á því
- með e-mail

Hef komið að mati á starfsemi; annað:

- aðeins komið að þessari könnun.
- Á foreldrafundum
- Búin að sitja í foreldrafélaginu síðan barni mitt byrjaði á Gullborg (þetta er 4 árið).
- Hef komið fram mati á starfi deildarinnar í viðtölum við deildarstjóra
- Í foreldraviðtölum
- í foreldraviðtali
- Í gegnum foreldraráð.
- Munnlegt samtal

Aðrar leiðir sem foreldrar vilja fá upplýsingar frá leikskólanum:

- Deildarstjóri og leikskólakennarar duglegir að segja okkur frá og minna á

Með hvaða hætti færðu upplýsingar um daglegt starf á deild barnsins? Annað

- Á hverjum föstudegi er sendur tölvupóstur um viðburði liðinnar viku sem ég kann vel að meta. Gaman að geta fylgst með.
- email
- e-mail frá deildarstjóra
- gegnum tölvupóst
- Í tölvupósti
- Með tölvupósti
- tölvupóst
- tölvupóst
- tölvupóst
- Tölvupóst frá deildarstjóra
- Tölvupóstar
- tölvupóstar frá deildarstjóra
- tölvupósti
- tölvupósti

- Tölvupóstur
- Tölvupóstur
- vikulegir tölvupóstar
- Vikulegir tölvupóstar frá deildarstjóra.
- Vikulegur tölvupóstur frá deildastjóra

Viltu koma einhverju öðru á framfæri um upplýsingagjöf í leikskólanum?

- Af hverju er ekki ein ríkisheimasíða og svo undirsíður fyrir hvern leikskóla? Hóíð nú í forritarana - Það eru allir í vandræðum með blessuðu heimasíðurnar.
- ekki nema það að hún er til fyrirmyndar
- Ég er einstaklega ánægð með alla upplýsingagjöf frá leiksskólanum, vikulegir tölvupóstar og eins persónulegir póstar ef við á.
- Snilld að fá email frá þeim vikulega. Þau standa sig vel

Athugasemdir um líðan eða aðbúnað barnsins í leikskólanum?

- Alltof lítið rými miðað við fjölda barna, útivöllur ekki nógu spennandi en leikskólinn fær hrós skilið að nýta vel annað í nánasta umhverfi og því hefur það haft lítil áhrif.
- Barnið kvartar stundum undan því að það sé mikill hávaði í leikskólanum, mætti huga betur að hljóðvist á regnbogadeild
- Barninu okkar líður mjög vel í leikskólanum. Sérstakt hrós fær hún Ella kokkur sem alltaf eldar frábæran mat sem börnunum finnst góður.
- ég spurði hvort hann væri einhverntíman skilinn útundan ' neiíi þau vita alveg að það er bannað að gera það'. og hann segir að honum líði vel í leikskólanum.
- Fatahengið er allt of lítið
- Mér finnst aðstaða á lóð leikskólans ekki nógu góð, það er þörf á endurnýjun á leiktækjum og öllu leiksvæðinu þá með í huga öryggi barnanna, t.d. að setja mjúkt undirlag á helstu svæði og steypa þyrfti gangstíg til að auðvelda notkun og einnig mætti setja mottur þar sem þarf í grasbrekkur.
- Vond lykt á lóð Regnbogadeildar...skólplykt. Stór og hættulegur pollur myndast á lóðinni.
- Það verður að kaupa fleiri tæki. Það verður að gera við tækin þegar þau bila. Það verðu að ditta að tækjunum og húsinu sjálfu. Hversvegna taka þessir einföldu hlutir sem maður hefði haldið að ættu að vera grundvallaratriði svona langan tíma? Hækkjið bara leikskólagjöldin aðeins, það munu allir skilja það sem bera hag barnanna sína fyrir brjósti.
- Það væri hægt að gera lóð leikskólans/leiksvæði skemmtilegra. Leggja gras, gróðursetja runna/tré. Skemmtilegri leiktæki...
- Það þarf að hljóðeingangra betur inni á deildum.

Útisvæði þarf klárlega að laga og gott væri ef það væri sett svona mjúkt gólf undir leiktækin á útilóðinni. Lítil andlit og hné skrapast nokkuð á þessum litlu steinum.

- Það þarf að taka svo sem kastala í gegn sem er orðin mjög lúin og það vantar eitthvað undir röllur þar sem mölin er farin að sópast undan og er orðin hætt á að börn meiði sig ef það dettur úr kastala eða rólum. Einnig myndi ég vilja láta taka alla rósarunna úr garðinum, mér finnst að rósarunnar eigi ekki að vera þar sem börn eru að leik. Ég hef líka tekið eftir að gangstéttarhellur eru farnar að færast mikið til og þyrfti að yfirfara þær. Einnig hef ég tekið eftir leka inni í leikskólanum.
- Þarf að hljóðeingangra betur og stækka húsnæðið til muna. Einnig vantar stærra fatahengi þar sem pláss er fyrir þurrskáp.